

Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Áttundi fundur haldinn á Breiðumýri, miðvikudaginn 16. mars kl. 13.

Mætt voru:

- Árni Pétur Hilmarsson.
- Alma Dröfn Benediktsdóttir,
- Arnór Benónýsson.
- Helgi Héðinsson, formaður.
- Jóna Björg Hlöðversdóttir.
- Sigurður Böðvarsson.
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur sameinaðs sveitarfélags
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf tengdust rafrænt á fundinn. Freyja ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Heiti á sameinað sveitarfélag

Róbert fór yfir umsögn örnefnanefndar frá 1. mars sl. um þær tillögur sem sendar voru inn til nefndarinnar.

Ákveðið að eftirfarandi nöfn skuli fara í skoðanakönnun:

- Goðarþing
- Laxarþing
- Þingeyjarsveit
- Suðurþing

Fyrirkomulag skuggakosninga í skólunum verður tekið til umræðu og ákveðið á fundi með skólastjórnendum nk. þriðjudag.

Rafræn skoðanakönnun hefst 4. apríl og lýkur 19. apríl og ákveðið að miðað verði við 16 ára aldur.

Nefndin er sammála um að færa fund nefndarinnar sem átti að vera 13. apríl aftur til 20. apríl og þá munu niðurstöður skoðanakönnunarinnar liggja fyrir.

2. Staðfesting sameiningarinnar

Búið er að auglýsa sameininguna og fallast á stjórnsýslutilraunina sem undirbúningsstjórn lagði fram. Staðfestingin var birt 3. mars.

Formaður óskaði nefndinni til hamingju með þennan stóra áfanga í verkefninu.

3. Staða á verkefnum í starfshópi um stjórnsýslu og fjármál

Dagbjört fór yfir stöðu starfshóps um stjórnsýslu og fjármál. Kennitala hefur verið stofnað fyrir sameinað sveitarfélag og vinna hópsins gengur vel. Verið er að kortleggja stefnur og reglur til undirbúnings fyrir nýja sveitarstjórn.

4. Samningar um velferðarþjónustu

Tryggvi fór yfir þá samstarfssamninga sem eru í gildi annars vegar við Norðurþing og hins vegar við Héraðsnefnd Þingeyinga bs. hvað varðar velferðarþjónustu í sameinuðu sveitarfélagi.

Ákveðið að fela Tryggva að móta og senda bréf til Norðurþings og Héraðsnefndar Þingeyinga með það að markmiði að hefja viðræður um endurskoðun samninganna í ljósi sameiningarinnar. Samhliða verði aðrir kostir skoðaðir með það fyrir augum að hefja undirbúning fyrir nýja sveitarstjórn svo hún geti fljótlega tekið af skarið og lagt línurnar í málaflokknum.

5. Staða á MÍN

Arnór fór yfir stöðuna á Menntasókn í norðri. Á næsta fundi, þriðjudaginn nk, verður uppbygging stoðþjónustu í skólunum rædd í ljósi farsældarlaganna. Umræðu frestað til næsta fundar.

6. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga

Undirbúningur er hafinn. Skipan yfirkjörstjórnar liggur ekki að öllu leyti fyrir. Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Mannauðsmál í sameinuðu sveitarfélagi

Helgi og Dagbjört fóru yfir mannauðsmálin. Flestir starfsmenn hafa farið í 1-2 viðtöl og almennt er staðan í málaflokknum góð.

8. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 20. apríl kl. 13.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05.